



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 23. nóvember 2012

Ákvörðun nr. 29/2012

Kaup Landsvirkjunar á hlut RARIK ohf. í Héraðsvötnum ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með vísan til 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 barst tilkynning, dags. 29. október 2012, um kaup Landsvirkjunar á hlut RARIK ohf. (hér eftir RARIK) í Héraðsvötnum ehf. (hér eftir Héraðsvötn). Tilkynningin var lögð fram í samræmi við meginreglur Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálu nr. 684/2008. Þess var getið að Héraðsvötn stundi ekki atvinnustarfsemi sem felist í sölu á vörum eða þjónustu á markaði gegn endurgjaldi og af þeim sökum ætti hluti þeirra upplýsinga sem óskað er eftir í reglum Samkeppniseftirlitsins ekki við um framangreind kaup.

Þann 25. september 2012 var undirritaður samningur á milli Landsvirkjunar og RARIK um kaup Landsvirkjunar á 50% eignarhlut RARIK í Héraðsvötnum. Með kaupunum eignast Landsvirkjun helming hlut í Héraðsvötnum á móti helming hlut Norðlenskrar orku ehf. (hér eftir Norðlensk orka). Fyrirhugað söluverð samkvæmt kaupsamningi er bókfærður kostnaður RARIK við undirbúning virkjana í Skagafirði í gegnum Héraðsvötn ásamt verðbótum. Samningurinn kemur ekki til framkvæmda fyrr en fyrirvarar samningsins hafa verið uppfylltir. Í samningnum er m.a. að finna fyrirvara um að hluthafar falli frá forkauparétti.

II.

Niðurstaða

Landsvirkjun er sameignarfyrtæki ríkissjóðs og Eignarhluta ehf. Fyrtækið er sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Ríkissjóður á 99,9% eignarhluta í fyrirtækinu og Eignarhlutir ehf. 0,1% en Eignarhlutir ehf. eru jafnframt í 100% eigu ríkisins. Eignarhlutur Landsvirkjunar á Héraðsvötnum eftir kaup félagsins á hlut RARIK er 50% á móti 50% eignarhlut Norðlenskrar orku. Tilgangur Landsvirkjunar er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Landsvirkjun framleiðir rafmagn í 15 aflstöðum á landinu og er ráðandi aðili í raforkusölu á Íslandi.

RARIK er hlutafélag í eigu ríkisins sem var stofnað 1. ágúst 2006 og tók þá við rekstri Rafmagnsveitna ríkisins sem hófu starfsemi sína þann 1. janúar 1947. Meginverkefni fyrirtækisins við stofnum þess var að afla almenningi og atvinnuvegum næga raforku á



hagstæðan hátt og hefur fyrirtækið haft mikilvægu hlutverki að gegna við öflun, dreifingu og sölu á rafmagni.

Héraðsvötn eru með aðsetur á Sauðárkróki og er tilgangur félagsins að standa að virkjun Héraðsvatna við Villinganes, sala á raforku, byggingastarfsemi, kaup, sala og rekstur fasteigna í tengslum við virkjunina, virkjunarframkvæmdir og skyldur rekstur. Héraðsvötn stunda ekki orkuvinnslu eða aðra starfsemi. Héraðsvötn voru stofnuð árið 1999 af RARIK ehf. og heimamönnum, nánar tiltekið Norðlenskri orku, sem var í eigu Kaupfélags Skagfirðinga, Akrahrepps og Rafveitu Sauðárkróks og er nú í eigu Kaupfélags Skagfirðinga og Akrahrepps. Tilgangur með stofnun Héraðsvatna var að undirbúa og standa að virkjun Héraðsvatna við Villinganes. Árið 1977 kom út skýrsla á vegum Orkustofnunar um verkhönnun virkjunar Héraðsvatna í Skagafirði við Villinganes. Rafmagnsveitur ríkisins og síðar RARIK tóku þátt í undirbúningi slíkrar verkhönnunar. Með lögum nr. 48 frá 19. mars 1999 var iðnaðarráðherra heimilað að veita Rafmagnsveitum ríkisins í félagi með aðilum í Skagafirði leyfi til að reisa og reka Villinganesvirkjum með allt að 40 MW afli. Þetta var háð niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum og skilyrðum annarra laga eins og segir í tilkynningunni.

Um framvindu málsins segir að Héraðsvötn hafi sent skýrslu um mat á umhverfisáhrifum 33 MW Villinganesvirkjunar í Skagafirði til Skipulagsstofnunar í júní 2001. Í október sama ár hafi Skipulagsstofnun fallist á fyrirhugaða virkjun eins og henni var lýst í matsskýrslu með ákveðnum skilyrðum. Í júlí 2002 hafi umhverfisráðherra staðfest þann úrskurð með ákveðnum skilyrðum. Árið 2005 hafi Landsvirkjun og Héraðsvötn sótt um, sitt í hvoru lagi, um rannsóknarleyfi fyrir Skatastaðavirkjun. Fram kemur í framangreindri tilkynningu að hvorugt fyrirtækið hafi fengið úthlutað rannsóknarleyfi.

Héraðsvötn eru hvorki þátttakandi á raforkumarkaði í dag né á öðrum mörkuðum og fer engin starfsemi fram af hálfu félagsins. Starfsemi Héraðsvatna hefur takmarkast við undirbúning, rannsóknir og verkhönnun á virkjunarkostum í Héraðsvötnum. Í samrunatilkynningunni kemur fram að hvorki liggja fyrir rannsóknarleyfi né virkjunarleyfi fyrir slíkum virkjunarkostum. Þá segir að Héraðsvötn séu jafnframt ekki handhafar virkjunarréttinda, þ.e. vatns eða landréttinda, en einu eigur félagsins séu hönnunargögn og fyrirliggjandi mat á umhverfisáhrifum vegna Villinganesvirkjunar.

Um aðdraganda kaupanna segir að viðræður hafi farið fram að frumkvæði RARIK um að Landsvirkjun keypti hlut RARIK í Héraðsvötnum árið 2010 án þess þó að nokkuð yrði úr þeim hugmyndum þá. Í byrjun árs 2012 hafi viðræður hafist að nýju vegna vilja RARIK til að selja Landsvirkjun sinn hlut í Héraðsvötnum. Þeim viðræðum lauk með fyrirliggjandi samningi. Tekið er fram að ástæður fyrir því að RARIK leitaði til Landsvirkjunar séu þær að Landsvirkjun hafi staðið að rannsóknnum á svæðinu í áratugi og að helstu raforkuframléiðendur á Íslandi séu skuldsettir, aðgengi að lánsfé sé lítið og takmörkuð geta hluthafa til fjárfestinga.

Í 17. gr. e samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samrunann eða sett honum skilyrði.



Það er mat Samkeppniseftirlitsins að samruni þessa máls raski ekki samkeppni skv. þeim viðmiðum sem felast í 17. gr. e samkeppnislaga. Eins og fram hefur komið hér að framan stunda Héraðsvötn ekki atvinnustarfsemi, eru ekki handhafar virkjunarframkvæmda og stunda ekki orkuvinnslu eða aðra starfsemi. Í ljósi þess er ekki hægt að sjá að framangreindur samruni komi til með að raska samkeppni eða styrkja markaðsráðandi stöðu Landsvirkjunar umfram það sem fyrir er.

Ákvörðunarorð:

"Ekki er ástæða til þess að aðhafast frekar í máli þessu."

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson